



Áskriftarsamningur 5. – 8.bekkjar:

Heit máltíð í hádeginu

Hádegishlé í Ólafsvík er kl. 11:30 alla skóladaga sem nemendur 5.-8. bekkjar eru í skólanum. Forráðamenn velja hvort þeir ætla að hafa börn sín í heitum mat alla daga vikunnar eða senda börn með nesti að heiman til að snæða í hádeginu. Ekki er hægt að kaupa einstaka máltíð eða hluta úr viku. Eingöngu er um mánaðaráskrift að ræða. **Áskriftarsamningi þessum þarf að skila undirrituðum af forráðamanni nemanda til umsjónakennara 27. ágúst.**

Samningstímabilið er skólaárið 2020-2021. Hyggist forráðamaður segja upp áskrift á samningstímabili þarf **skrifleg uppsögn að hafa borist skólaritara 20. virka dag fyrir þann mánuð sem uppsögn á að hefjast.**

Framreiðsla skólamáltíða hefst miðvikudaginn **27. ágúst**. Verð mánaðaráskriftar er **jafnaðarverð, kr. 8.700 á mánuði. Fyrsti greiðsluseðill er með gjalddaga 2. sept. 2020 og sá síðasti 2. maí 2021.**

Greiða skal hvern mánuð fyrirfram með heimsendum greiðsluseðlum frá Snæfellsbæ. Eindagi greiðsluseðils er 11. hvers mánaðar. Ef greiðsla hefur ekki borist á eindaga, áskilur skólinn sér rétt til að hefja frekari innheimtuaðgerðir.

Matseðill er birtur á heimasíðu Grunnskóla Snæfellsbæjar <http://www.gsnb.is>.

Munið að skila afklippunni hér að neðan 27. ágúst!

----- klippa -----

Áskrift að skólamáltíð nemenda 5.-8. bekk 2020 - 2021

Nafn nemanda: _____, bekkur: _____

Ég, undirritaður forráðamaður nemandans, staðfesti hér með undirskrift minni skráningu hans í áskrift í heitan hádegismat í mötuneyti grunnskólans.

Nafn forráðamanns: _____

Kennitala: _____